

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024,
Vatnsendakrikkar í Heiðmörk.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. febrúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að brunnsvæði í Vatnsendakrikum stækkar til vesturs á mörkum Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar, sbr. breytingu á svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu frá 7. nóvember 2007 og breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 28. nóvember 2007.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 15. febrúar 2008.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.